



Frétt nr. 1/2025
20. janúar 2025

Gjaldeyrismarkaður, gengisþróun og gjaldeyrisforði árið 2024

Gengi krónunnar hækkaði um 4% frá upphafi til loka ársins 2024. Heildarvelta á milli-bankamarkaði með gjaldeyri dróst saman á milli ára og minni sveiflur voru í gengi krónunnar en undanfarin ár. Stöðugleiki einkenndi gjaldeyrimarkaðinn lengst af eða þar til í ágúst, þegar gengið lækkaði, en í september tók krónan að styrkjast og hélt sú þróun áfram fram undir lok árs. Seðlabankinn greip einu sinni inn í gjaldeyrimarkaðinn þegar hann keypti gjaldeyri fyrir um 9,2 ma.kr. í febrúar til að bregðast við innflæði erlends fjármagns í ríkisskuldabréf. Vaxtamunur við útlönd var áfram nokkur og erlendir aðilar keyptu meira af innlendum ríkisskuldabréfum en árið á undan. Lífeyrissjóðir voru áfram umfangsmiklir kaupendur gjaldeyris og jukust kaup þeirra lítilla milli ára. Hrein staða framvirkra gjaldmiðlasamninga viðskiptabanka lækkaði yfir árið í heild. Viðskipti í tengslum við yfirtökutilboð John Bean Technologies (JBT) á Marel höfðu áhrif á gjaldeyrimarkaðinn á árinu, en yfirtakan var stór á íslenskan mælikvarða. Ríkissjóður gaf tvívegis út skuldabréf í evrum á árinu, samtals að fjárhæð 800 m. evra og vaxtaálag á erlendar skuldabréfaútgáfur ríkissjóðs og viðskiptabankanna lækkaði. Gjaldyrisforði Seðlabankans nam 886 ma.kr. í árslok eða 20% af vergri landsframleiðslu.

Gengi krónunnar

Gengi krónunnar hækkaði um 4% frá upphafi til loka ársins 2024 miðað við skráða gengisvísitölu. Gengisþróunin var mismunandi eftir gjaldmiðlum en krónan styrktist til að mynda um 4,6% gagnvart evru og veiktist um 1,4% gagnvart bandaríkjadal. Þessi þróun endurspeglar að mestu leyti styrkingu bandaríkjadals gagnvart helstu gjaldmiðlum á fjórða ársfjórðungi. Gengi krónunnar var fremur stöðugt framan af ári en tók að lækka nokkuð í ágúst. Væntingar fyrirtækja og fjárfesta um gengishækkun krónunnar virtust minnka yfir sumarið, sem birtist meðal annars í lokunum á framvirkum gjaldmiðlasamningum með krónuna, sem einkum eru nýttir til áhættuvarna en einnig til stöðutöku með eða á móti krónunni. Vöxtur í ferðaþjónustu hafði gefið eftir á öðrum ársfjórðungi og gætti nokkurrar svartsýni varðandi útflutningstekjur tengdar greininni í upphafi sumars, ekki síst vegna áhrifa eldgosanna við Sundhnúksvígi. Einnig lækkaði Ferðamálastofa spá sína um fjölda ferðamanna í byrjun júní. Gengislækkun krónunnar var þó skammvinn því í byrjun september tók gengið að hækka og hélt sú þróun áfram á fjórða ársfjórðungi, einkum um miðjan nóvember.

Þó nokkur gjaldeyrisviðskipti voru á fyrsta ársfjórðungi í tengslum við kaup erlendra aðila á ríkisskuldabréfum. Minna var um slík viðskipti á öðrum og þriðja fjórðungi þar til á haustdögum, þegar staða þeirra fór að aukast á ný. Vaxtamunur á milli Íslands og annarra landa var áfram nokkur á árinu og um haustið höfðu stærstu seðlabankar heims lækkað vexti sína. Auk þess tóku umsvif í ferðaþjónustu við sér á ný á þriðja ársfjórðungi.

Um miðjan nóvember styrktist gengi krónunnar töluvert en fjárfesting erlendra aðila í hlutabréfum Marels í aðdraganda yfirtöku bandaríska fyrirtækisins JBT á félaginu hafði þar vafalaust áhrif. Yfirtökutilboð JBT var samþykkt af hluthöfum Marels í desember og fór uppgjör viðskiptanna fram í byrjun árs 2025. Viðskiptin voru umfangsmikil á íslenskan mælikvarða og fylgdi þeim töluvert innflæði á erlendum gjaldeyri til innlendra hluthafa, að stórum hluta til lífeyrissjóða.

Gjaldeyrismarkaðurinn einkenndist af stöðugleika á árinu 2024. Gengisflökt var lítið og velta á millibankamarkaði með gjaldeyri hófleg í sögulegu samhengi, sem bendir til þess að ágætt jafnvægi hafi verið í gjaldeyrisflæði í íslenska hagkerfinu. Gengisvísitalan breyttist að jafnaði um 0,18% milli daga á árinu en gengisflökt á þann mælikvarða hefur ekki verið minna síðan 2015. Bæði velta á millibankamarkaði og flökt hafa farið minnkandi síðustu tvö ár. Lægst mældist gengið í byrjun september en hæst á síðustu viðskiptadögum ársins. Hæsta skráða gengi ársins var 5,4% hærra en það lægsta, sem er tæplega helmingi minni munur en árið á undan. Ársmeðaltal gengisvísitölunnar var nánast hið sama og á fyrra ári.

Gjaldeyrismarkaður

Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 216,3 ma.kr. (1,5 ma. evra) á árinu 2024, sem er rúmlega 10% minni velta en árið á undan. Veltan hefur ekki verið minni á markaðnum á einu ári síðan 2019. Hlutdeild Seðlabankans í veltunni nam 4,2% samanborið við 2,3% árið á undan. Gjaldyrisviðskipti Seðlabankans voru í samræmi við inngrípastefnu bankans, sem miðar annars vegar að því að draga úr skammtímasveiflum í gengi krónunnar vegna grunns markaðar og hins vegar að hafa áhrif á gengið þegar peningastefnunefnd telur það hafa vikið of langt frá undirliggjandi hagþróun.¹ Hinn 9. febrúar greip Seðlabankinn inn í gjaldeyrismarkaðinn þegar hann keypti gjaldeyri fyrir 9,2 ma.kr. (62 m. evra) í tengslum við fjárfestingu erlends aðila í útboði Lánamála ríkisins á óverðtryggða ríkisbréfaflokknum RIKB 35. Voru það einu gjaldyrisviðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði með gjaldeyri á árinu.

Ágætt jafnvægi á gjaldeyrismarkaði á árinu kann að skýrast að hluta til af þokkalegu jafnvægi í utanríkisviðskiptum, en líkt og undanfarinn áratug eða svo toguðust á afgangur af þjónustuviðskiptum og halli af vöruviðskiptum. Brottfarir erlendra farþega frá Íslandi um Keflavíkurlflugvöll voru tæplega 2,3 milljónir og fjölgaði þeim milli ára, en aðeins árið 2018 voru þær fleiri á einu ári. Útgjöld erlendra ferðamanna samkvæmt greiðslukortauppgjörum skiluðu jafnframt meiri gjaldeyristekjum í þjóðarþúið en á fyrra ári. Vöruskiptahalli var aftur á móti töluverður og meiri en árið á undan. Þá hafði loðnubrestur áhrif á útflutningstekjur sjávarútvegsfyrirtækja á árinu.

Lífeyrissjóðir voru áfram umfangsmiklir kaupendur gjaldyris á árinu en hrein gjaldyriskaup þeirra námu samtals 84,4 ma.kr. og jukust um 1,8 ma.kr. milli ára. Staða erlendra aðila í íslenskum ríkisskuldabréfum hækkaði um 41,6 ma.kr. að nafnvirði samanborið við 18,6 ma.kr. árið á undan. Eign erlendra aðila í ríkisskuldabréfum var í lok árs meiri en fyrir útbreiðslu kórónuveirufaraldursins snemma árs 2020 þótt hlutdeild þeirra í útgefnum ríkisskuldabréfum hafi verið minni en þá. Þá mátti einnig greina innflæði í hlutabréf á árinu.

¹ Sjá [Stefnu í peningamálum](#).

Á hinn bóginn lækkaði hrein framvirk staða viðskiptabanka, þar sem íslensk króna er í samningi gagnvart erlendum gjaldmiðlum, um tæplega 30 ma.kr. á árinu. Staðan hækkaði á fyrri árs helmingi en lækkaði á þeim seinni.

Um miðjan mars gaf Ríkissjóður Íslands út grænt skuldabréf að fjárhæð 750 m. evra en níuföld heildareftirspurn var í útboðinu. Í júní gaf ríkissjóður síðan út kynjað skuldabréf að fjárhæð 50 m. evra. Vaxtaálag á erlendar skuldabréfaútgáfur ríkissjóðs lækkaði á árinu og hækkaði láns hæfiseinkunn ríkissjóðs í september. Aðgengi innlendu viðskiptabankanna að erlendum fjármagnsmörkuðum batnaði á árinu og einnig lækkaði vaxtaálag á erlendar skuldabréfaútgáfur þeirra.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 886 ma.kr. í lok árs 2024 og var um 96 ma.kr. meiri en árið áður. Í bandaríkjadöllum jókst hann um 0,7 ma. og nam 6,4 ma. bandaríkjadala í árslok. Þá svaraði hann til 20% af vergri landsframleiðslu ársins, 29% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi vöru og þjónustu í 6 mánuði. Í mars og júní gaf Ríkissjóður Íslands út tvö erlend skuldabréf í evrum, samtals að fjárhæð 119 ma.kr. Þá var gjalddagi á eldri erlendri útgáfu ríkissjóðs í júní, samtals um 36 ma.kr. Nýjar útgáfur ríkissjóðs skýra að mestu leyti meiri forða á árinu.

Inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði juku við gjaldeyrisforðann um 9,2 ma.kr. Vaxta-tekjur umfram vaxtagjöld af erlendum eignum og skuldum Seðlabankans voru 29 ma.kr. Verðbreytingar á mörkuðum leiddu til 1 ma.kr. aukins gjaldeyrisforða en gengisbreytingar til 15 ma.kr. samdráttar. Í lok árs 2024 nam gjaldeyrisforðinn að frádregnum erlendum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli 516 ma.kr. Til samanburðar var forðinn þannig mældur 506 ma.kr. í lok árs 2023.

Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans, þ.e. mismunur eigna og skulda bankans í erlendum gjaldmiðlum, nam 548 ma.kr. í lok árs 2024 samanborið við 515 ma.kr. í lok árs 2023.

Tafla 1. Gjaldeyrismarkaður, gengi og gjaldeyrisforði

		2022	2023	2024
Gengi krónunnar (-veiking / +styrking)	%	-2,1%	1,5%	4,0%
Gengisflökt ¹	%	7,6%	6,3%	4,0%
Velta á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	385	241	216
þar af hlutdeild Seðlabankans	%	14,2%	2,3%	4,2%
Kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	33,9	0,0	9,2
Sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	20,7	5,5	0
Hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans	ma.kr.	13,2	-5,5	9,2
Gjaldeyrisforði í bandaríkjadöllum	ma. USD	6,1	5,7	6,4
Gjaldeyrisforði í ma.kr.	ma.kr.	837	790	886
Gjaldeyrisforði fjármagnaður innanlands ²	ma.kr.	522	506	516
Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans ³	ma.kr.	528	515	548
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF ⁴	%	24%	20%	20%

1. Staðalfrávik daglegra gengisbreytinga á ársgrundvelli.

2. Gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.

3. Mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

4. VLF 3. ársfj. 2023 – 3. ársfj. 2024.

Mynd 1

Gengi íslensku krónunnar 2024




Vísitala meðalgengis, viðskiptavog þröng. Hækkun á línunni á myndinni sýnir veikingu krónunnar en lækkun sýnir styrkingu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri 2024



Heimild: Seðlabanki Íslands.

